

FUNDARGERÐ

575. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 17. maí 2018 kl. 15.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði. Oddviti óskað eftir að eftirtalið atriði yrði tekið á dagskrá fundarins:

1. Fundargerð 532. fundar stjórnar SASS frá 3. og 4. maí 2018, verður liður IV – 5 á dagskránni
2. Trúnaðarmál, verður liður III – 5 á dagskránni og tekið fyrir á lokuðum fundi og fært í trúnaðarbók.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 259. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps frá 15. maí 2018

1. Austurvegur 16 – Byggingarleyfi

Olíuverslun Íslands hf. sækir um byggingarleyfis á lóða Austurvegar 16 í samræmi við framlagða uppdrætti. Lagt fram til kynningar.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlagða uppdrætti og mælist til þess að byggingaráform verði samþykkt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Sléttuvegur 1-3

Lóðarhafi Sléttuvegar 1-3 leggur fram uppdrætti vegna umsóknar um byggingarleyfi. Lagt fram til afgreiðslu nefndarinnar.

Nefndin gerir ekki athugasemd við samþykkt á byggingaráformum í samræmi við framlagða uppdrætti. Skipulags- og byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra falið að koma athugasemdum sínum á framfæri og óska ítarlegri gagna fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar, en heimilar ekki útgáfu byggingarleyfis fyrr en lögð hefur verið fram skrifleg staðfesting frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánaþingreiðslu vegna fyrirhugaðrar byggingar. Sveitarstjórn samþykkir að veita lóðarhafa 15 daga frest til að senda inn skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánaþingreiðslu vegna fyrirhugaðrar byggingar að öðrum kosti verður lóðin tekin til baka.

3. Ungmennafélagið Katla – Stöðuleyfi

Ungmennafélagið Katla sækir um stöðuleyfi fyrir áhaldagám í samræmi við umsókn og afstöðumynd.

Nefndin hafnar útgáfu stöðuleyfis fyrir gám á svæðinu en mælist til þess að fundin verði farsæl lausn á milli sveitarfélagsins og ungmennafélagsins vegna geymslu hástökkdýna á vellinum. Nefndin vísar ungmennafélaginu á gámasvæði sveitarfélagsins með umsóttan gám. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur byggingarfulltrúa að vinna að hentugri lausn málsins í samstarfi við ungmennafélagið.

E. Tryggvi Ástþórsson greiðir atkvæði gegn þessari afgreiðslu og harnar afgreiðslu nefndarinnar.

4. **Pétursey – Stofnun lóða**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóða að Eystri Pétursey landnr.163074. Um er að ræða skilgreiningu lóða fyrir íbúðarhús innan jarðarinnar. Nefndin gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. **Vesturhluti Víkurþorps**

Lögð er fram greinargerð vegna verndarsvæðis í byggð til yfirferðar auk atriða til umræðu frá vinnsluaðilum skipulagsins og verndarsvæðistillögu. Atriði þessi koma upp eftir íbúafund sem haldinn var nú nýverið vegna verndarsvæðis í byggð. Greinargerðin var lögð fram til kynningar og umræðu. Málið þarfnast ítarlegri umræðu innan skipulagsnefndar og sveitarstjórnar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

6. **Björgunarmiðstöð - deiliskipulag**

Lögð eru fram drög vegna vinnslu deiliskipulags fyrir björgunarmiðstöð í Vík. Lagt fyrir nefndina til umræðu og stefnumótunar. Athugasemdir bárust frá Vegagerðinni sem eru lagðar fram með vinnsludrögum. Nefndin leggur til áframhaldandi vinnslu á deiliskipulagi svæðisins. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að funda með fulltrúum Vegagerðarinnar vegna tengingar við Þjóðveg. Nefndin telur tengingu um Mýrarbraut að húsinu ekki vera ásættanlega. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

7. **Ketilstaðir 3 – Rif fasteigna**

Þórhildur Jónsdóttir kt. 290757-5179 sækir um rif á fasteignum jarðarinnar Ketilsstaðir 3. Um er að ræða matshluta 03 og 05. Nefndin gerir ekki athugasemd við rif fasteigna. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

8. **Steig starfsmannaaðstaða**

Háaskjól ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir starfsmannaaðstöðu að Steig í Mýrdal í samræmi við framlagða uppdrætti. Nefndin gerir ekki athugasemd við samþykkt á byggingaráformum. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu. Nefndin vísar því til umsækjanda að í öllum tilfellum skuli sótt um byggingarleyfi áður en framkvæmdir hefjast innan svæðisins. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

9. **Sunnubraut 17 – Lindarfiskur byggingarleyfi**

Lindarfiskur ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi Lindarfisks í vesturhluta Víkurþorps í samræmi við framlagða uppdrætti. Aðstaðan hefur verið staðsett innan lóðar Sunnubrautar 17 um nokkurra ára skeið á stöðuleyfi. Nefndin gerir ekki athugasemd við að húsið verði skráð sem fasteign innan lóðar í samræmi við framlagða uppdrætti. Nefndin leggur þó áherslu á að við viðhald á húsnæðinu verði eftir fremsta megni reynt að láta húsið falla að því svipmóti sem nú þegar er innan svæðisins. Húsið verði klætt bárujárni og gluggar verði í sambærilegum stíl og sjá má í byggingum í grennd. Það verði gert í samræmi við tillögu um verndarsvæði í byggð til að vernda svipmót byggðarinnar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

10. Víkurbraut 14 – Kynning á framlögðum uppdráttum

Fram eru lagðir uppdrættir vegna gestahúss á lóð sem samþykkt var með fyrirvara um grenndarkynningu á 255.fundi nefndarinnar. Engar athugasemdir bárust vegna grenndarkynningar.

Nefndi gerir ekki athugasemd við gestahús á lóð Víkurbrautar 14. Mælt er til þess að við framkvæmdir á lóð verði sé til þess að brekka norðan húss verði styrkt með einhverjum hætti til að fyrirbyggja skriðhættu

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

11. Sólheimajökulsmelar – Breyting á aðalskipulagi

Elín Einarsdóttir vikir af fundi undir þessum lið.

Athugasemdir bárust vegna málsins frá Skipulagsstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands sem brugðist hefur verið við. Athugasemdir og viðbrögð við þeim tekin fyrir.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framlagðar breytingar á tillögunni og leggur til að hún verði auglýst í samræmi við 31.gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. EE mætir aftur til fundarins.

12. Mýrarbraut 13 - Byggingarleyfi

Ingvar Jóhannesson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við gistihús að Mýrarbraut 13 í samræmi við framlagða uppdrætti.

Nefndin gerir ekki athugasemd við samþykkt byggingaráforma. Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal uppfæra skilmála aðalskipulags þar sem nýtingarhlutfall lóðar skal aukið í 0,3 í samræmi við önnur verslunar og þjónustusvæði innan þorpsins. Sú breytinga telst minniháttar og skal tilkynnt Skipulagsstofnun í samræmi við 2.mgr.36.gr. skipulagslaga. Deiliskipulag skal uppfært í samræmi við það og það auglýst í samræmi við 41.gr.skipulagslaga

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá við þessa afgreiðslu og óskar bókað: Teikningar sýna breytt útlit og breytta götumynd. Ég tel mikilvægt að viðbyggingin sé í stíl við upprunanlegt hús.

2. Fundargerð 237. fundar fræðslunefndar frá 15. maí 2018

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Umsókn um styrk til kaupa á búnaði við hjólastól.

1a. Mynd af tækinu.

Framvar lögð umsókn um styrk til kaupa á búnaði við hjólastól

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð kr. 800 þúsund til kaupanna og verður sá styrkur tekinn af lið 259 - 4115 önnur þjónusta við fatlaða.

2. Umsókn um frest til framkvæmda á lóðinni Mánabraut 32.

Fram var lagt bréf frá lóðarhöfum Mánabrautar 32 þar sem farið er fram á frest til að hefja framkvæmdir á lóðinni fram eftir sumri 2018, en húsið verður reist á lóðinni í september. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

3. Erindi frá Mannvirkjastofnun varðandi eldvarnareftirlit o.fl.

Tekið var fyrir erindi frá Mannvirkjastofnun varðandi úttekt sem gerð var á slökkviliði Mýrdalshrepps s.l. haust.

Lagt fram til kynningar.

4. Tilkynning frá Umhverfisstofnun um takmarkanir á umferð um Dyrhólaey

Lagt fram til upplýsinga

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Brunavarnaráætlun 2018 -2022.

Fram var lögð til samþykktar Brunavarnaráætlun Mýrdalshrepps 2018 – 2022.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hana ásamt forstjóra Mannvirkjastofnunar og slökkviliðsstjóra, en stefnt er að undirritun n.k. laugardag kl. 11.00 í slökkvistöðinni. Sveitarstjórn þakkar slökkviliðsstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir þeirra vinnu við gerð brunavarnaráætlunarinnar.

2. Umsókn um starf íþróttá- og tómstundafulltrúa E.Tryggvi Ástþórsson vikur af fundi undir þessum lið.

Fram var lögð umsókn frá Ástþóri Jóni Tryggvasyni um um starf íþróttá- og tómstundafulltrúa Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn vísar þeim umsóknum sem kunna að berast til umsagnar í íþróttá- og tómstundanefndar. Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar frá síðasta fundi, var starfið var auglýst á ný á heimasíðu sveitarfélagsins föstudaginn 11. maí og er umsóknarfrestur til 25. maí. ETÁ mætir aftur til fundarins.

3. Ársreikningur Mýrdalshrepps 2017 síðari umræða

Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2017 var til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar sem haldinn var 26. apríl s.l.

Heildartekjur A- og B- hluta voru 629,1 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum voru samtals 538,5 milljónir, fjármagnsliðir voru neikvæðir um 12,3 milljónir og því rekstrarniðurstaða samstæðunnar því jákvæð um 78,5 milljónir.

Rekstrartekjur A- hluta voru 614,6 milljónir og rekstrargjöld með afskriftum 539,7 milljónir, fjármagnsgjöld neikvæð um 3,4 milljónir og rekstrarniðurstaða jákvæð um 78,2 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar eru 1.050,3 milljónir og skuldir 494,7 milljónir og eigið fé því 555,6 milljónir.

Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

4. Leigusamningur milli Mýrdalshrepps og Lava Concept Iceland ehf um sand og efnistöku.

Fram var lagður leigusamningur milli Mýrdalshrepps og LavaConcept Iceland ehf um leigu á sandnámu vestan Uxafótarlækjar, samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn

5. Trúnaðarmál

Rætt á lokuðum fundi og færð í trúnaðarmálabók

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí 2018.

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 186. fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 3. maí 2018

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 40. fundar Kötlu - Jarðvangs frá 2. maí 2018

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð 33. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 8. maí 2017.

Lagt fram til kynningar

5. Fundargerð 532. fundar stjórnar SASS frá 3. og 4. maí 2018

Lagt fram til kynningar

Oddviti óskar bókað:

Við lok kjörtímabils vil ég koma á framfæri þakklæti til þeirra fjölmörgu sem starfað hafa í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum sveitarfélagsins. Jafnframt vil ég þakka starfsfólki Mýrdalshrepps fyrir samvinnu og samstarf. Að lokum færi ég sveitarstjóra og sveitarstjórn þakkir fyrir farsælt samstarf á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.05

Elín Einarsdóttir oddviti

Þráinn Sigurðsson

Ingi Már Björnsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir

E. Tryggvi Ástþórsson